

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306  
9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m<sup>2</sup> og stærri, kr. 3 750.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 1 500.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld.

1. Gróðurhús kr. 870.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 2 495.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. mars 1979. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gíslí Einarsson.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393, 3. nóvember 1977,  
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

A og B liðir orðist svo:

A. Samkvæmt magnhemli kr. 7 389.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði

B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 369.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Jöfnur, sem gilda um útreikninga á heimæðagjaldi í a, b og c lið verði sem hér segir:

$$A) H=369\,452+403\times V$$

$$B) H=554\,177+605\times V$$

Hn

$$C) H= \frac{\quad}{369\,452\times n+403\times Vn} \times (369\,452+403\times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Hitaveitugjöld skv. gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1979, 309 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.*

F. h. r.  
Páll Flygenring.

*Gisli Einarsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja,  
nr. 185, 26. apríl 1979.

### II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 330.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 8,25 kr./M CAL miðað við hitafall 40° C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

A. Fyrir mæla allt að ¾" .....	kr. 2 200.00
B. Fyrir mæla allt að 2" .....	— 4 400.00
C. Fyrir mæla allt að 3" .....	— 8 800.00
D. Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

### III. KAFLI

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald.

Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m <sup>3</sup> (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 400	kr. 423 200
400 að 2 000	— 423 fyrir 400 m <sup>3</sup> + 338 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
2 000 að 6 000	— 964 000 fyrir 2.000 m <sup>3</sup> + 288 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
6 000 að 10 000	— 2 116 000 fyrir 6.000 m <sup>3</sup> + 254 m <sup>3</sup> þar yfir
meira en 10 000	— 3 132 000 fyrir 10 000 m <sup>3</sup> + 220 kr/ m <sup>3</sup> þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta: